

1865.
30. des.

og Englands, og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu miklu eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurluta Vesturálfa.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra (tit.), er yður hérmeð sent eitt exemplar af áðurgreindu konunglegu leyfisbréfi yður til leiðbeiningar.

102. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar frá 1853.

Með því að svo er fyrir skipað í 1. grein tilskipunar þeirrar, er út er komin 15. þ. m., og nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi, að brauðamatsgjörð sú, er allramildilegast var staðfest sama dag, en samín árið 1853, skuli endurskoðuð fimtánda hvert ár, eruð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, beðnir að gjöra ráðstafanir þær, er með þarf, til þess að endurskoðun þessi geti farið fram fyrir lok ársins 1868.

Í hvert skipti er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbréfs þessa, skal, ef eigendurnir æskja þess, stjórnarráð það, er hlut á að máli, leggja það mál fyrir Oss í ríkis-leyndarráði.

12. Eigendunum skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er félag eða einstakur maður, með sömu réttindum og sömu skyldum, sem þeir hafa sjálfir. Þó skal það undir eins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því og eptir að því er lokið, vera skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar og snertir fyrirtækið.

Bönnum Vær öllum og sérhverjum að standa móti því, sem ritað er hér að framan, eða tálma því á nokkurn hátt, ella fyrirgjöri hylli Vorri og mildi.

Gefið á Amaliuhöll 17. dag nóvembermán. 1865.